

Mál nr. 25/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/B

og

Vátryggingafélagið Y v/A (dráttarbifreið með tengivagn)

Árekstur Hæðarsmára 14.11. 2006

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 12.02. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina eftir Hæðarsmára og var A á undan B. A var beygt til hægri af vinstri beygjufrárein í þann sama mund sem B ók hægra megin frammeð A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi verið kominn inn á vinstri beygjufrárein en beygir síðan til hægri og lendir á B sem ekið var áfram Hæðarsmárann. Félagið telur að A hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu við þessar aðstæður.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi reynt að aka hægra megin framúr A sem hafi verið að taka hægri beygju inná bifreiðastæði. Félagið vísar til þess að ökumaður A kveðst hafa gefið stefnumerkni til hægri áður en hann tók beygjuna.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Samkvæmt framhlið tjónstilkynningar ökumanna tekur ökumaðurinn hægri beygju inn að lóð frá vinstri brún akbrautar þ.e. af beygjufrárein. Ökumaðurinn hugaði ekki nægjanlega að annarri umferð áður en hann beygði til hægri. Hann gætti ekki 1. - 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn málsins. Ökumaðurinn mátti ætla að A yrði beygt til vinstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. mars 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.